

MS vann eftir gildandi lögum

LEIDARI

Eins og flestum lesendum Mjólkurpóstsins er kunnugt, komst áfrýjunarnefnd samkeppnismála að þeirri niðurstöðu í nóvember, að fella úr gildi þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins (SE) frá júlí s.l., að MS hefði misbeitt markaðsráðandi stöðu sinni, með framgöngu á markaði á árunum 2008-2013. Þetta felur í sér algeran viðsnúning á efnislegri niðurstöðu málsins frá útspilinu í júlí og sú þunga sekt sem SE lagði á MS vegna þessa, 440 milljónir króna, hefur nú verið endurgreidd að fullu með vöxtum.

Þessi niðurstaða er auðvitað gríðarlegur sigur fyrir málstað MS, sem alla tíð hefur haft metnað til þess að fara að lögum í hvívetna. Ásakanir um annað hafa ekki átt sér stað í raunveruleikanum. Hefur komið fram á fundum með starfsfólki félagsins að miklu fargi er af því létt, enda hafa þungar ásakanir og upphrópanir aðila sem oft hafa lítið kynnt sér hvað málið snýst um, lagst þungt á margt af okkar starfsfólki um allt land. Það getur nú sett þetta mál aftur fyrir sig og einbeitt sér að þjónustu við okkar viðskiptavini. Bændum hefur líka sviðið ósanngjörn umræða um þennan rekstur.

Framkvæmd samstarfs ekki ómálefnalegt

Því hefur ranglega verið haldið fram að niðurstaða um misbeitingu markaðsráðandi stöðu hefði verið önnur, ef 71. gr. búvörulaga veitti ekki undanþágu frá samkeppnislögum. Þetta er alls ekki rétt. Búvörulögin veita heimild til verkaskiptingar og samstarfs í því skyni að lækka kostnað og vöruverð til neytenda, undir eftirliti Verðlagsnefndar búvöru. Allar mælingar sýna að þessi markmið hafa gengið vel eftir. Þessi ákvæði leyfa því með skilyrðum samstarf sem annars væri bannað. Þau leyfa ekki misbeitingu á aðstöðu. Áfrýjunarnefnd fór vel ofan í saumana á því hvernig framkvæmd hafi verið háttað til að finna út hvort hún rúmaðist innan heimilda búvörulaga, sem vanrækt hafði verið við fyrri rannsókn málsins. Niðurstaða áfrýjunarnefndar byggist einmitt á því að SE hafi ekki hugað að þessu og að ekki hafi verið sýnt fram á að framkvæmd samninganna og nánari útfærsla hafi verið ómálefnaleg eða að öðru leyti óforsvaranleg. Það var því einfaldlega ekki um misbeitingu markaðsráðandi stöðu að ræða.

Stjórnendur MS gerðu sér hins vegar grein fyrir því að lagaumhverfi mjólkuriðnaðar er flókið og álitafni geta ráðist af túlkun á samspili mismunandi laga. Sérstaklega búvörulaga og samkeppnislaga, í þessu samhengi. Það réttlætir hins vegar ekki það offors sem einkennt hefur málátalbúnað hins opinbera eftirlits, í raun allar götur frá því áður en Mjólkursamsalan var sett á stofn í núverandi mynd. Það er erfitt að gera sér í hugarlund hvaða hvatir eða hagsmunir liggja að baki þegar opinber stofnun vilur ekki fyrir sér að halla réttu máli í opinberum yfirlýsingum og valda aðilum sem ekki hafa til saka unnið, miklum skaða. Þegar úrskurður áfrýjunarnefndar lá fyrir tókst SE að senda frá sér tilkynningu þar sem ekkert var fjallað um þá meginniðurstöðu áfrýjunarnefndar að efnisleg niðurstaða stofnunarinnar var ógilt, en bara fjallað um að áfrýjunarnefnd hefði klofnað í meirihluta og minnihluta og um mistök MS við upplýsingagjöf undir rekstri málsins, en MS fékk 40 m.kr. sekt fyrir það upplýsingabrot.

Fjallað var um málið í leiðara Morgunblaðsins 24. Nóvember og sagði m.a.: „Augljóst er, ekki síst af viðbrögðum Samkeppniseftirlitsins eftir ógildingunni áfrýjunarnefndarinnar, að Samkeppniseftirlitinu er með öllu ómögulegt að fjalla um málefni Mjólkursamsölnnar af því hlutleysi sem gera verður kröfu um til stofnunar á vegum ríkisins.“

Áframhald málsins

SE hefur nú lýst því yfir að það muni höfða dómsmál gegn MS til ógildingar á framangreindum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem var endanleg niðurstaða á stjórnsýslustigi. Ef til þess kemur mun MS „gagnstefna“ sem kallað er, til að fá úrlausn dómstóla um þá sekt sem lögð var á MS vegna upplýsingabrotsins.

Af yfirlýsingu SE um málishöfðun má ráða að eftirlitið hafnar í raun þeim skilningi á samspili samkeppnislaga og búvörulaga sem niðurstaða áfrýjunarnefndar byggðist á. Í reynd hafa orðið það miklar breytingar á sölu hrámjólkur frá 2008-2013 að dómsmálið snýr ekki að fyrirkomulagi framtíðar, heldur að afmörkuðu máli í liðnum tíma. Í því sambandi má nefna:

- Breytt fyrirkomulag við sölu á hrámjólk hefur verið tekið upp síðan málið hófst til þess að tryggja sem mest gagnsæi. Auðhumla svf. selur öllum framleiðendum hrámjólk á sama verði og til MS. Sala hrámjólkur hefur því verið færð í það horf sem hin ógilta ákvörðun SE gerði ráð fyrir.
- Þá ákvað MS fyrir rúmu ári síðan að bjóða lægsta verð, svokallað bændaverð til minni framleiðenda upp að 300.000 lítrum á ári. Því fyrirkomulagi var svo viðhaldið eftir að Auðhumla tók við sölu á hrámjólk nú í haust. Þannig búa minni framleiðendur við lægra verð á hrámjólk en MS í dag, sjá nánar: (<https://www.ms.is/frettir/breyttar-aherslur-hja-ms/331>)
- MS er vel meðvitað um þá stöðu sem fyrirtækið er í og þá ábyrgð sem henni fylgir. Ákvæði samkeppnislaga eiga við um starfsemi fyrirtækisins þar sem undanþáguákvæðum búvörulaga sleppir og hagar MS starfsemi sinni að öllu leyti í samræmi við það.

Það eru hagsmunir kúabænda, eigenda MS, að sem flestir aðilar starfi að nýsköpun í greininni, að vöruframboð sé fjölbreytt og smærri fyrirtæki skili árangri í nýtingu mjólkurafurða. Það er von MS að hið góða samstarf við bændur og aðra framleiðendur, eflist með tíð og tíma og skili sér áfram í nýsköpun í iðnaðinum og fjölbreyttu vöruúrvali til neytenda.

Við óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Með góðri kveðju,

Egill Sigurðsson
Ari Edwald

Hver er lykillinn að framtíðarsýn og stefnu MS?

FRÉTTIR

Besta leiðin til að spá fyrir um framtíðina er að búa hana til sagði Peter Drucker, einn fremsti hugsuður í nútíma stjórnun. Mikilvægt er að starfsfólk þekki stefnu fyrirtækisins svo hægt sé að hrinda henni í framkvæmd. Til þess að ná markmiðum okkar þá þurfum við öll að vita hvert við erum að fara. Ef við ætlum til dæmis að fara á Snæfellsjökul er lágmarkskrafa að allir viti af því. Ný gildi MS hjálpa okkur að komast þangað.

Ný gildi MS

Hvaða tilgang hefur það að setja í forgang ákveðin fyrirtækjagildi? Hvernig gagnast slík gildi starfsfólki og hvaða áhrif geta þau haft? Til þess að skilja hvað gildi snúast um þarf fyrst að velja fyrir sér hugtakið fyrirtækjamenning. Eins og þjóðir eiga sína menningu vegna sameiginlegs tungumáls, uppruna og sögu, þá búa fyrirtæki yfir sinni eigin menningu. Menning finnst hjá sviðum, deildum og teymum og er eins margbreytileg og hóparnir eru margir. Þetta lýsir sér t.d. í því hvernig andrúmsloftið er, hvernig fólk kemur fram við hvert annað, hvernig vandamál eru leyst, hvernig tekið er á mistökum, hvernig fordæmi stjórnendur setja, hvernig starfsfólk umgengst vinnustaðinn o.s.frv. o.s.frv.

Fyrirtækjamenning

Stundum nefnt fyrirtækjabragur, er fyrirbæri sem erfitt er að festa hendur á. Það er alls ekki hægt að tala um rétta eða ranga fyrirtækjamenningu. Menningin er hópeign, byggð á sameiginlegri reynslu. Hana er að finna alls staðar þar sem menn eru að vinna sameiginlega að einhverju markmiði og deila reynslu og þjappar hópnum vonandi saman. Það er talið vera samband á milli menningar fyrirtækis og frammistöðu þess. Sterk fyrirtækjamenning er oft talin skýringin á því af hverju fyrirtæki skila betri afkomu. Það er m.a. mælt í aukinni framleiðni, minni starfsmannaveltu o.fl. Fyrirtækjamenning getur því haft góð áhrif og stuðlað að því að fyrirtæki standi sig vel en getur líka staðið í vegi fyrir árangri. Þess vegna er mikilvægt að við hugum að því hvað skiptir máli í menningu okkar hjá MS til að ná þeim árangri sem að er stefnt.

Fyrirtækjamenning er talin hafa 3 birtingarmyndir:

- 1. Ápreifanleg tákni** - það sem maður upplifir við það að koma inn á vinnustaðinn t.d. skipulag, útlit og viðmót starfsfólks.
- 2. Sýnileg tákni** - eða það sem fyrirtækið segist vera og birtist í hugmyndafræði svo sem stefnu og markmiðum vinnustaðarins, oft að finna á innri og ytri vef fyrirtækisins eða upp á vegg og starfsfólk á að vera meðvitað um.
- 3. Óápreifanlegi hlutinn** - þ.e. viðhorf, hugsanir, tilfinningar og skynjanir sem koma upp á yfirborðið og verða þannig eiginleg uppspretta andrúmsloftsins á vinnustaðnum.



Snæfellsjökull

Til þess að útskýra þessar birtingarmyndir er oft notuð líking við ísjaka þar sem toppurinn á ísjakanum eru ápreifanlegu og sýnilegu tákni þ.e.a.s. sýnileg hegðun og viðmót starfsmanna, skipulag á vinnustaðnum, klæðnaður, skipurit og fleira slíkt. Stærsta hluta ísjakans má þá líkja við óápreifanlega hlutann, það er sá hluti sem er í kafi (90%), en það er einmitt sá hluti sem menn sjá ekki og útskýrir af hverju svona erfitt er að mæla, lýsa, fást við og breyta fyrirtækjamenningu.

Með því að setja okkur nokkur skýr gildi og innleiða þau með það að markmiði að starfsfólk lifi gildin, erum við að móta fyrirtækjamenningu MS. Gildin mega ekki vera of mörg svo starfsfólk geti munað hver þau eru. Það getur verið hjálplegt að fyrsti stafurinn í gildunum myndar orð eða tákni sem við gleymum ekki auðveldlega eins og MSjá. Allt starfsfólk á að geta tengt sig við gildin hvaða hlutverki sem það gegnir. Gildin nýtast sem leiðbeiningar um framgöngu í starfi. Gildin eiga einnig að vera hjálpleg þegar við tökum ákvarðanir í starfi og við spyrjum okkur: Er þessi ákvörðun í samræmi við gildin?

Að lokum snýst þetta um hvernig við viljum birtast viðskiptavinum, samstarfsaðilum, birgjum og samfélaginu. Hvað viljum við að móti fyrirtækjamenningu okkar hjá MS? Hvernig ætlum við að starfa? Ekki síst, hvað ætlum við að vera þekkt fyrir hjá MS? Svárið við því er einfalt:

Við erum ein samstíga liðsheimild með **metnað** sem leysir málin **saman** með **jákvæðni** að leiðarljósi og á samfélagslega **ábyrgan** hátt.

Með hlýjum kveðjum,

Inga Guðrún Birgisdóttir
Mannauðsstjóri Mjólkursamsölnunnar



METNAÐUR



SAMVINNA



JÁKVÆÐNI



ÁBYRGÐ

Fyrirmyndarbúið

FRÉTTIR

Það er sífellt mikilvægara að við bændur gerum okkur grein fyrir því að við erum matvælaframleiðendur og að gerðar eru stöðugt ríkari kröfur til okkar líkt og annarra matvælaframleiðenda. Við búum við háværa kröfu um innflutning á matvælum og þá hefur ekki farið framhjá neinum að umræðan í samfélaginu er sífellt óvægari í garð bændu. Þar má ekkert út af bregða hjá einum svo talið sé að það endurspegli heildina. Í því ljósi er mikilvægara en áður að við getum stolt sýnt fram á að við framleiðum úrvals matvæli við úrvals aðstæður þar sem hugað er að umhverfismálum, dýravelferð, matvælaöryggi og mjólkurgæðum.

Um skeið hefur verið unnið að því að móta reglur um framangreind atriði sem hefur fengið nafnið *Fyrirmyndarbúi* og stefnt er að taki gildi um komandi áramót. Landssamband kúabænda (LK) og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hafa ákvarðað sameiginlega stefnu og nú er það verkefni Auðhumlu að innleiða reglurnar.

Úttekt til þess að verða hluti af Fyrirmyndarbúi er í boði fyrir alla mjólkurframleiðendur sem selja mjólk til aðildarféлага SAM og bændur í eldri fjósum eru vel gjaldgengir í þetta verkefni.

Ávinningur bænda er nokkur því fyrir að standast úttekt Fyrirmyndarbúsins bætast 2% við lágmarksverð, og fyrir að standast gæðamælingar um frumu- og líftölu bætast við 2% eins og verið hefur. Það er ekki skilyrði að standast úttekt Fyrirmyndarbúsins til að fá greitt vegna gæðamælinga og öfugt.

Við sem sitjum í vinnuhóp Auðhumlu um verkefnið teljum það brýnt að fá sem allra flesta bændur til að taka þátt í verkefninu.

Jarle Reiersen er verkefnastjóri Fyrirmyndarbúsins. Hann er þessa dagana á ferð um landið til að gera úttektir á þeim búum sem þess hafa óskað. Jarle er starfsmaður mjólkureftirlits MS, sem Auðhumla kaupir þjónustuna af. Á heimasíðu Auðhumlu (audhumla.is) og á



heimasíðu LK (naut.is) er að finna gögn vegna úttektarinnar og er full ástæða til að hvetja bændur að kynna sér þau áður en úttekt fer fram.

Sum þau atriði sem falla undir úttekt Fyrirmyndarbúsins eru þau sömu og MAST tekur út í sínu eftirliti. Það var hins vegar að vandlega athuguðu máli sem ákveðið var að hafa þau líka sem hluta af úttektatriðum Fyrirmyndarbúsins. Var það meðal annars vegna þess að skoðunarmaðurinn er alltaf hinn sami og því ólíklegra að misræmi verði milli landshluta vegna einstakra atriða.

Það er því til mikils að vinna að taka þátt, því bóndi sem stenst úttekt Fyrirmyndarbúsins og stenst gæðamælingar fyrir úrvalsmjólk getur haft 4% herra verð en lágmarksverð er hverju sinni og fyrir bú með 200.000 l ársframleiðslu gerir það um 690 þúsund krónur á ári.

Það er von okkar sem sitjum í þessum vinnuhópi að bændur taki þessu með opnum huga og hafi samband við Jarle, því þetta er klárlega vopn í tilvistarbaráttunni.

Elín M. Stefánsdóttir
Birna Þorsteinsdóttir

Viðurkenningar vegna starfsaldurs

FRÉTTIR

Ein af jólahæfðum MS er að veita starfsmönnum fyrirtækisins sérstakar starfsaldursviðurkenningar og var hefðinni að sjálfsögðu haldið við nú í ár. Ari Edwald, forstjóri MS, veitti starfsmönnum MS Reykjavík viðurkenningar þann 19. desember og talaði hann um þann mikla fjársjóð sem fælist í mannaúdi Mjólkursamsöluunnar um leið og hann kallaði starfsmenn til sín sem fengu viðurkenningar að þessu sinni. Hópurinn sem var heiðraður hjá MS Reykjavík samanstendur af 13 einstaklingum og er samanlagður starfsaldur þeirra hvorki meira né minna en 300 ár! Við erum afskaplega stolt af fólkinu okkar en viðurkenningar hjá öðrum starfsstöðvum MS verða á næstu dögum.



Hér má sjá hópinn sem hlaut viðurkenningu að þessu sinni í Reykjavík



Þessir tveir herra á myndinni með Ara fengu viðurkenningu fyrir 50 ára starf. Jón G. Guðmundsson, starfaði síðast á rannsóknarstofu MS en lengst sem vinnslustjóri í mjólkurvinnslu og þökkun. Páll Hjaltalin Svavarsson, starfar við gæðamál í MS en starfaði lengst sem verkstjóri og mjólkurbússtjóri við MS á Blönduósi

Breytingar á reglum um flokkun og verðfellingu mjólkur

FRÉTTIR

Nýjar reglur um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleifa og frírra fitusýra sem samþykktar hafa verið í Verðlagsnefnd búvöru taka gildi um áramótin þ.e. 1. janúar 2017. Þær taka við af reglum nr. 52/2010.

Breytingin felst fyrst og fremst í auknum kröfum vegna líftölu. Engar breytingar verða á kröfum vegna frumutölu, lyfjaleifa og frírra fitusýra. Hins vegar munu mælingarniðurstöður fyrir fríar fitusýrur lækka um 0,2 frá og með áramótum vegna breyttrar viðmiðunaraðferðar og verða því flokka viðmið lækkuð sem því nemur og hefur þessi breyting því ekki áhrif á verðfellingar.

Útreikningur á verðfellingum og verðfellingarhlutföll fyrir hvern flokk verða með sama hætti og verið hefur.

Samanburður á breytingu á viðmiðum er eftirfarandi:

Líftala

Flokkar	Eldri viðmið gilda til 31. des 2016	Ný viðmið verða frá 1. janúar 2017
1. flokkur	≤ 200.000	≤ 80.000
2. flokkur	200.001 til 400.000	80.001 til 200.000
3. flokkur	400.001 til 3.000.000	200.001 til 500.000
4. flokkur	> 3.000.000	> 500.000

Frumutala

Engin breyting

Lyfjaleifar

Engin breyting

Fríar fitusýrur

Frá áramótum lækka allar mælingarniðurstöður fyrir fríar fitusýrur um 0,2 vegna breytinga á viðmiðun í mælingartækni.

Til sæmræmis breytast flokkaviðmið.

Flokkar	Eldri viðmið gilda til 31. des 2016	Ný viðmið verða frá 1. janúar 2017
1. flokkur	≤ 1,100	≤ 0,900
2. flokkur	1,101 til 1,800	0,901 til 1,600
3. flokkur	> 1,800	> 1,600

Jón K. Baldursson
Gæða- og umhverfisstjóri

